AUGLÝSING

um grundvöll reikningsskila.

1. Inngangur

2. Markmið reikningsskila
- 2.1 Almenn markmið
- 2.2 Notendur reikningsskila
  - Fjárfestar
  - Lánardrottnar
  - Stjórnendur
  - Starfsmenn
  - Opinberir aðilar
  - Viðskiptavinir
  - Almenningur
- 2.3 Einkenni gagnlegra upplýsinga í reikningsskilum
  - Skiljanlegar upplýsingar
  - Upplýsingar sem skipta máli
  - Áreiðanlegar upplýsingar
  - Samanburðarhæfar upplýsingar

3. Forsendur reikningsskila
- 3.1 Rekstrarhæfi
- 3.2 Rekstrargrunnur
- 3.3 Stöðugleiki gjaldmiðils
- 3.4 Tímaafmörkun reikningsskila
- 3.5 Skilgreining rekstrareiningar

4. Meginreglur reikningsskila
- 4.1 Kostnaðarverðsregla
- 4.2 Tekjuregla
- 4.3 Jöfnunarregla
- 4.4 Regla um fullnægjandi upplýsingar
- 4.5 Samkvæmnisregla
- 4.6 Regla um að efni máls gildi fremur en form þess
- 4.7 Mikilvægisregla
- 4.8 Varkárnisregla

5. Meginhugtök reikningsskila
- 5.1 Fjárhagsstaða
  - Eignir
  - Skuldir
  - Eigið fé - hrein eign
- 5.2 Rekstrarárangur
  - Tekjur
  - Gjöld
  - Óreglulegar tekjur
  - Óregluleg gjöld
  - Heildarafkoma
- 5.3 Fjárstreymi

6. Áhrif verðlagsbreytinga

7. Lokaorð

1. Inngangur.

Í greinargerð þessari er fjallað um nokkur grundvallaratriði er varða gerð reikningsskila fyrirtækja og stofnana. Greinargerðinni verður skipt í sex kafla. Að loknum inngangi verður í öðrum kafla fjallað um markmið reikningsskila og hver þau þurfi að vera til þess að koma notendum að gagni. Í þriðja kafla verður gerð grein fyrir forsendum fyrir gerð reikningsskila. Í fjórða kafla verður rætt um þær meginreglur sem til hafa orðið um gerð þeirra. Í fimmta kafla verða skilgreind helstu hugtök sem fyrir koma í reikningsskilum, og að endingu verður fjallað um áhrif verðlagsbreytinga á meginefni reikningsskila.

Það er mat ráðsins að greinargerð af þessu tagi geti verið mjög gagnleg fyrir þá sem um reikningsskil fjalla á einn eða annan hátt. Um þetta sama efni hafa erlend reikningsskilaráð einnig fjallað. Í því sambandi þykir einkum rétt að benda á greinargerðir

Alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar[1] og bandarísku reikningsskilanefndarinnar[2]. Raunar er það svo að við samningu þessarar greinargerðar hefur einkum verið stuðst við þessar tvær erlendu greinargerðir, þó að þær spanni víðara svið. Þessari greinargerð er ætlað það hlutverk að vera til leiðbeiningar fyrir ýmsa aðila. Í fyrsta lagi vonast ráðið til þess að greinargerðin geti orðið grundvöllur að reglum sem það kann síðar að setja um einstök álitaefni á sviði reikningsskila. Í öðru lagi telur ráðið að greinargerðin geti komið semjendum reikningsskila að góðu gagni við úrlausn á tilteknum vandamálum við gerð þeirra. Greinargerðin ætti að auðvelda semjendum að skera úr um hvort farið sé að góðri reikningsskilavenju eða ekki. Í þriðja lagi telur ráðið að greinargerðin geti komið endurskoðendum að gagni við að staðfesta hvort reikningsskil fyrirtækja og stofnana séu í samræmi við góða reikningsskilavenju. Loks er það hlutverk greinargerðarinnar að skýra fyrir áhugasömum notendum reikningsskila hvaða almennu reglur gilda um gerð þeirra.

Miklu varðar að þeir sem um reikningsskil fjalla geri sér grein fyrir þýðingu þeirra hugtaka og reglna sem gerð þeirra grundvallast á. Að öðrum kosti er hætta á að þær upplýsingar sem reikningsskil veita séu rangtúlkaðar. Reglur um gerð reikningsskila eru háðar ákveðnum annmörkum sem almennir lesendur reikningsskila þekkja yfirleitt ekki nægilega vel. Með þessari greinargerð er ætlunin að bæta um betur að þessu leyti svo að lesendur íslenskra reikningsskila eigi þess kost að kynna sér efni þeirra betur en ella.

2. Markmið reikningsskila.

Tilgangurinn með gerð reikningsskila er fyrst og fremst að veita gagnlegar upplýsingar um það fyrirtæki sem þau taka til. Sá fróðleikur, sem í reikningsskilum er, getur komið ýmsum aðilum að gagni, en notendur reikningsskila koma úr ýmsum áttum, svo sem nánar verður skýrt hér á eftir. Það er einkum af þessari ástæðu sem gerð reikningsskila hefur miðast við almenna notkun þeirra, fremur en hagsmuni einstakra notenda. Hér á eftir verður gerð frekari grein fyrir þessu máli.

2.1. Almenn markmið.

Markmiðið með gerð reikningsskila er að veita upplýsingar um fjárhagsstöðu, rekstrarárangur og breytingar á fjárhagslegri skipan fyrirtækja.

Slíkar upplýsingar koma lesendum reikningsskila almennt að góðu gagni við ákvarðanatöku. Á grundvelli slíkra upplýsinga geta lesendur að nokkru leyti dæmt um hæfi fyrirtækis til þess að ávaxta eigið fé og hæfi forráðamanna þess til að sinna stjórnunarskyldum sínum. Niðurstaðan um gagnsemi þess boðskapar, sem í reikningsskilum er að finna, er því sú að á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þau veita, geti lesendur tekið skynsamlegri ákvarðanir en ella.

Rétt þykir að skýra nánar þessi markmið með tilliti til einstakra hluta reikningsskila. Í þessu samhengi þykir nauðsynlegt að taka sérstaklega fram að reikningsskil fyrirtækja snúast fyrst og fremst um staðreyndir liðins tíma, en ekki nema að takmörkuðu leyti um framtíðarhorfur. Engu að síður ber á það að líta að lesendur reikningsskila nýta efni þeirra aðallega til þess að spá fyrir um framvindu mála.

---

[1] Greinargerð alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar (IASC) ber heitið *Framework for the Preparation and Presentation of Financial Statements.* IASC 1989.

[2] Greinargerð bandarísku reikningsskilanefndarinnar (FASB) ber heitið *Conceptual Framework for Financial Accounting and Reporting: Elements of Financial Statements and Their Measurement.* FASB 1976. Að auki hefur nefndin gefið út sex sjálfstæðar greinargerðir um sama efni.

Í efnahagsreikningi er að finna upplýsingar um fjárhagstöðu fyrirtækja. Þar er greint frá eignum fyrirtækja og fjármögnun þeirra, annars vegar með lánsfé og hins vegar með eigin fé. Í efnahagsreikningi er að finna upplýsingar um greiðsluhæfi fyrirtækja og hæfi til þess að þola taprekstur. Greiðsluhæfi segir til um möguleika fyrirtækja til þess að greiða skuldbindingar sínar þegar til skamms tíma er litið, en gjaldþol segir á hinn bóginn til um hæfi fyrirtækja til þess að standa við skuldbindingar sínar þegar til nokkurs tíma er litið. Markmiðið með gerð efnahagsreiknings er m.a. að gera lesendum ljósa grein fyrir hvernig þessum málum er háttað hjá fyrirtækjum.

Markmiðið með rekstrarreikningi er að sýna hvernig rekstur hefur gengið. Hafa ber í huga í því sambandi að skipa ber liðum saman þannig að skýra mynd megi fá af reglulegum rekstri fyrirtækja. Því ber að sýna óvenjulega rekstrarliði sérstaklega. Markmiðið með gerð rekstrarreiknings er því að gefa skýra mynd af rekstri svo að frammistöðu fyrirtækis megi meta á skynsamlegan hátt.

Í yfirliti um fjárstreymi hjá fyrirtækjum er að finna fróðleik um framlag rekstrar til breytingar á greiðslustöðu, fjárfestingar þeirra og fjármögnun. Þessar upplýsingar koma lesendum að góðu gagni, m.a. við það að meta hæfi fyrirtækja til þess að afla handbærs fjár með rekstri. Það er einkum þetta yfirlit í reikningsskilum fyrirtækja sem gerir lesendum kleift að skyggnast inn í framtíðina að því er áform fyrirtækja varðar, enda er þar að finna upplýsingar um fjárfestingar og fjármögnun og þykja slíkar upplýsingar gefa vísbendingar í því efni.

Auk töluyfirlitanna þriggja, sem fjallað var um hér að framan, er litið svo á að skýringar með reikningsskilum séu hluti þeirra. Í skýringum er gerð grein fyrir þeim reikningsskilaaðferðum sem beitt er, en að auki eru veittar upplýsingar um önnur atriði sem koma lesendum að gagni við að meta afkomu og stöðu fyrirtækis. Þá skal einnig nota skýringar til þess að greina frá skuldbindingum sem kunna að hvíla á fyrirtæki, án þess að þær hafi verið færðar í bækur. Meginreglan er sú að skýringar á að nota til að bæta við upplýsingum sem ekki er unnt að koma fyrir í töluyfirlitunum en koma lesendum að góðu gagni við þær ákvarðanir sem þeir þurfa að taka.

Markmið við gerð reikningsskila hafa tekið nokkrum breytingum eftir því hvernig efnahagslegt, lagalegt, stjórnmálalegt og félagslegt umhverfi hefur þróast. Þessir þættir hafa haft veruleg áhrif á það hvaða upplýsingar eru veittar um fjárhagsleg málefni fyrirtækja, og einnig á það hvort upplýsingar eru veittar yfirleitt. Í þessu samhengi verður þó að hafa í huga að því eru takmörk sett hvers konar upplýsingar reikningsskil geta veitt um atriði sem eru forsendur ýmissa efnahagslegra ákvarðana. Engin ástæða er til annars en að ætla að þróun í gerð reikningsskila haldi áfram að taka mið af nánasta umhverfi sínu og markmið þeirra geti því tekið breytingum.

2.2. Notendur reikningsskila.

Hér á eftir verður í stuttu máli fjallað um þá aðila sem helst hafa not fyrir upplýsingar í reikningsskilum. Ítrekað skal að hér eru aðeins tekin til umræðu þau reikningsskil sem fyrirtæki leggur fram fyrir utanaðkomandi aðila, en þau geta verið grundvöllur að margs konar ákvörðunum. Slík reikningsskil eru aðallega fyrir eitt ár í senn, en þau geta einnig verið fyrir tiltekinn árshluta.

Fjárfestar.

Fjárfestar eru þeir sem lagt hafa fram hvers konar áhættufé, t.d. í formi hlutafjár, eða hafa í hyggju að leggja slíkt fé fram. Þessir aðilar hafa einkum áhuga á upplýsingum um arðsemi þeirra fyrirtækja sem eru til skoðunar til að fá úr því skorið hvort skynsamlegt sé að eiga eignarhlutann áfram, selja hann eða kaupa nýjan. Eigendur vilja einnig fá upplýsingar um hæfi fyrirtækja til þess að greiða arð af eiginfjárframlögum.

Lánardrottnar.

Lánardrottnar eru allir þeir aðilar sem lánað hafa fyrirtæki fé. Möguleikar þeirra til þess að fá upplýsingar um fjárhagsleg málefni fyrirtækja eru ólíkir, sumir geta krafist ítarlegra upplýsinga en aðrir síður. Allir lánardrottnar eiga það þó sameiginlegt að þeir vilja fá upplýsingar um hæfi fyrirtækja til þess að standa við greiðsluskuldbindingar sínar. Þeir lánveitendur, sem veita lán til langs tíma, krefjast yfirleitt ítarlegra upplýsinga um fjárreiður fyrirtækja, þar sem slík lán verður að greiða með rekstrarframlögum í framtíðinni. Eðlilegt er því að mat á greiðsluhæfi og hæfi til að afla tekna liggi til grundvallar ákvörðunum um slíkar lánveitingar. Einnig getur skipt máli fyrir aðila, sem aðeins vill veita lán til skamms tíma, t.d. birgi, hvernig staða fyrirtækis er, en almennt þarf slíkur viðskiptaaðili ekki eins ítarlegar upplýsingar og aðili sem veitir lán til langs tíma. Reikningsskil fyrirtækja koma hér að góðu gagni við að svara spurningum þessara notenda, en einnig koma þá til álita aðrir þættir áður en ákvörðun um lánveitingu er tekin, t.d. spár um framtíðarrekstur og greiðslur, en upplýsingar af því tagi eru ekki felldar inn í eiginleg reikningsskil fyrirtækja.

Stjórnendur.

Stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækis ber ábyrgð á því að reikningsskil séu samin í samræmi við lög og reglur. Auk utanaðkomandi aðila hafa stjórnendur fyrirtækis gagn af þeim upplýsingum sem er að finna í reikningsskilum sem opinberlega eru birt. Þeir hafa hins vegar aðgang að frekari upplýsingum úr gagnakerfi fyrirtækisins, en slíkar upplýsingar eru ekki viðfangsefni þessarar greinargerðar.

Starfsmenn.

Starfsmenn eða samtök þeirra hafa áhuga á upplýsingum sem segja til um stöðugleika fyrirtækja. Svör við spurningum um það atriði og ýmis önnur sem starfsmenn kann að varða um er einnig að finna í reikningsskilum fyrirtækja. Til að mynda má að nokkru leyti ráða í hæfi fyrirtækja til þess að standa undir launagreiðslum og tengdum kostnaði með því að skoða reikningsskil þeirra. Við gerð kjarasamninga má einnig ætla að staða fyrirtækja skipti verulegu máli þegar kröfur koma fram um breytingar. Að vísu er það svo, að þegar launþegasamtök semja fyrir starfsmenn hjá mörgum fyrirtækjum, skiptir þetta atriði í hverju tilviki líklega minna máli en þegar hvert fyrirtæki semur við starfsmenn sína.

Opinberir aðilar.

Ýmsir opinberir aðilar geta haft hag af upplýsingum úr reikningsskilum fyrirtækja. Hér má t.d. nefna hvers konar hagskýrsluaðila, skattyfirvöld og eftirlitsaðila ýmiss konar, svo sem bankaeftirlit, vátryggingaeftirlit og verðbréfaþing. Af þessari upptalningu er ljóst að opinberir aðilar hafa mikla hagsmuni af því að skýrslugerð fyrirtækja um afkomu og efnahag sé sem áreiðanlegust. Að vísu er það svo að þessir aðilar fá ekki aðeins upplýsingar úr reikningsskilum fyrirtækja, heldur geta þeir einnig fengið mikilvægar upplýsingar frá fyrirtækjum án þess að þær séu sóttar í reikningsskilin. Það breytir þó engu um að reikningsskilin eru afar þýðingarmikil, enda er það iðulega svo að þau eru grundvöllur annarrar skýrslugerðar fyrirtækja.

Viðskiptavinir.

Mikið er í húfi fyrir viðskiptavini fyrirtækja að hafa undir höndum upplýsingar um hversu sennilegt er að viðskipti geti haldið áfram. Á stundum getur því eflaust verið svo farið að framtíð fyrirtækja byggist á traustu viðskiptasambandi, einkum hjá aðilum sem semja til langs tíma. Af þessu er ljóst að það eru ekki aðeins fjármagnseigendur, þ.e.

lánardrottnar og fjárfestar, sem hafa hagsmuni af áreiðanlegum upplýsingum úr reikningsskilum fyrirtækja. Þeir, sem gert hafa samning um kaup á vörum eða þjónustu frá fyrirtæki, kunna einnig að hafa not fyrir upplýsingar úr reikningsskilum.

Almenningur.

Loks er rétt að taka fram að almenning getur einnig varðað um þær upplýsingar sem greina má í reikningsskilum fyrirtækja. Hagsmunir fyrirtækja og einstaklinga í samfélaginu fara yfirleitt saman. Ef vel gengur hjá fyrirtækjum leitar vinnuafl þangað, sem einnig hefur í för með sér að skattar, bæði fyrirtækjanna og þeirra sem hjá þeim starfa, renna í auknum mæli til samfélagsins. Reikningsskil fyrirtækja gera almenningi kleift að fylgjast með rekstrinum, m.a. í því skyni að spá fyrir um þróun þeirra á næstu árum og hver viðfangsefni fyrirtækja verða. Slíkt eftirlit almennings með fyrirtækjum getur einnig veitt talsvert aðhald á rekstur þeirra.

2.3. Einkenni gagnlegra upplýsinga í reikningsskilum.

Svo að byggja megi ákvarðanir um málefni fyrirtækja á sem traustustum grunni verður að gera ákveðnar kröfur til þeirra upplýsinga sem veittar eru í reikningsskilum og það á raunar einnig við um þá sem þurfa að nota reikningsskil sér til gagns. Hér á eftir verður rætt um þessar kröfur. Aðalkrafan er sú að upplýsingar í reikningsskilum séu gagnlegar fyrir notendur þeirra, en það orð þykir rétt að útskýra nánar. Þær gæðakröfur sem leitast skal við að fullnægja og felast í orðinu gagnlegar eru þessar: Að þær séu skiljanlegar, skipti máli, séu áreiðanlegar og samanburðarhæfar.

Skiljanlegar upplýsingar.

Upplýsingar í reikningsskilum verða að vera skiljanlegar til þess að þær komi að gagni við ákvörðun aðila um málefni þeirrar rekstrareiningar sem reikningsskilin taka til. Merking orðsins skiljanlegur í þessu samhengi takmarkast þó ekki aðeins við lýsingu á þeim kröfum sem gera verður til upplýsinga í reikningsskilum, heldur verður einnig að hafa hliðsjón af þeim aðila sem þarf að taka ákvörðun um málefni fyrirtækis. Við gerð reikningsskila er gert ráð fyrir að notendur þeirra hafi nokkra þekkingu á viðskiptum og því rekstrarumhverfi sem fyrirtæki starfar í. Einnig er gert ráð fyrir að lesendur reikningsskila geri sér far um að kynna sér til hlítar þær reglur sem um gerð þeirra gilda áður en ákvörðun er tekin sem byggð er á efni reikningsskilanna. Samkvæmt þessu er ekki unnt að skilgreina orðið skiljanlegur eitt og sér, heldur verður jafnframt að fjalla um þann aðila sem ákvörðun þarf að taka. Þetta verður semjandi reikningsskila að hafa í huga, einkum með hliðsjón af því að hæfni lesenda að þessu leyti er mismikil. Mat semjanda á lesendum reikningsskila má þó ekki verða til þess að sleppt sé upplýsingum um flókin málefni, komi þær að gagni.

Upplýsingar sem skipta máli.

Upplýsingar í reikningsskilum eru aðallega notaðar til að meta árangur af viðskiptum sem fram hafa farið. Þær er að vissu marki einnig unnt að nota til að spá fyrir um ókominn tíma. Samkvæmt þessu verða upplýsingar í reikningsskilum að hafa spágildi og svargildi til að skipta máli. Með spágildi er átt við að upplýsingar séu notaðar við að spá fyrir um óorðna hluti, en svargildi á hinn bóginn táknar að upplýsingar í reikningsskilum megi nota til þess að meta árangur til samanburðar við fyrri spár. Þá ber einnig að hafa í huga að til að upplýsingar skipti máli verða þær að berast tímanlega til þess sem ákvörðun þarf að taka, en það fer eftir atvikum hversu tímanlega upplýsingar þurfa að liggja fyrir.

Áreiðanlegar upplýsingar.

Miklu varðar fyrir lesendur reikningsskila að þeir megi treysta því að upplýsingar í reikningsskilunum séu áreiðanlegar. Í því felst að þær verða að vera sannreynanlegar, þ.e. að sambærileg niðurstaða fengist þótt tveir eða fleiri aðilar fengjust við að vinna úr sömu upplýsingum, en ekki það að nákvæmlega sama tölulega niðurstaðan fengist. Þessi krafa um eiginleika upplýsinga í reikningsskilum felur einnig í sér að þær verða að vera hlutlausar, en það táknar að semjandi hefur ekki beitt áhrifum sínum til að ná fyrirfram ákveðinni niðurstöðu eða til að kalla fram tiltekin viðbrögð af hálfu lesenda reikningsskila.

Samanburðarhæfar upplýsingar.

Greining á upplýsingum í reikningsskilum er að verulegu leyti byggð á því að bera saman fjárhæðir í reikningsskilum sama fyrirtækis á milli tímabila. Á þann hátt má greina árangur og meta þróun á stöðu fyrirtækja. Það er af þessari ástæðu sem gagnlegt getur verið að birta til samanburðar fjárhæðir úr reikningsskilum síðasta uppgjörstímabils. En til þess að slíkur samanburður komi að gagni verða lesendur að geta treyst því að upplýsingar séu samanburðarhæfar. Í þessu sambandi skiptir máli að lesendur reikningsskila fái upplýsingar um þær aðferðir sem beitt er við mælingar á hagrænum atburðum, að öðrum kosti er hætta á að þeir geti ekki komið við þeim samanburði sem þeir vilja. Þá felst einnig í þessari kröfu um eiginleika upplýsinga í reikningsskilum að unnt sé að bera saman árangur af starfsemi rekstraraðila í sömu atvinnugrein. Slíkur samanburður kemur notanda reikningsskila einnig að góðu gagni, m.a. við ákvörðun hans um það hvar sé skynsamlegt að ávaxta sitt fé.

3. Forsendur reikningsskila.

Gerð reikningsskila grundvallast á nokkrum forsendum. Mikilvægt er fyrir lesendur reikningsskila að þeir geri sér grein fyrir því hverjar þessar forsendur eru og hvaða þýðingu þær hafa.

3.1. Rekstrarhæfi.

Fyrirtæki er rekstrarhæft ef telja má að rekstur þess muni halda áfram um fyrirsjáanlega framtíð.

Reikningsskil byggjast yfirleitt á þeirri forsendu að rekstur muni halda áfram. Í því felst að viðkomandi rekstraraðili hafi hvorki áform um að hætta rekstri né þurfi þess vegna fjárhagslegra þrenginga. Ef annað hvort eða hvort tveggja á við, gæti verið eðlilegt að semja reikningsskil á öðrum grundvelli og væri þá nauðsynlegt að upplýsa um það.

Nú er líklegt að flest fyrirtæki hafi áform um að halda rekstri áfram til a.m.k. nokkurra ára. Þar sem erfitt hlýtur að vera fyrir semjanda reikningsskila að dæma um það hvort takast muni að ná því markmiði, hefur í framkvæmd verið litið svo á að í forsendunni fælist að reksturinn geti að lágmarki haldið áfram í eitt ár í viðbót. Þessi forsenda er rökrétt með hliðsjón af því að markmið reikningsskila er fyrst og fremst að veita notendum upplýsingar svo að þeir geti gert spár um framtíðina.

3.2. Rekstrargrunnur.

Tekjur skal færa þegar þeirra er aflað, án tillits til þess hvort þær hafi verið innheimtar eða ekki. Með hliðstæðum hætti ber að færa gjöld þegar þau falla til, fremur en við greiðslu.

Til þess að ná þeim markmiðum sem rætt var um í 2. kafla er nauðsynlegt að reikningsskil séu samin á rekstrargrunni. Með þeim hætti fæst betri mæling á afkomu fyrirtækis en þegar miðað er við innheimtu tekna og útborganir gjalda. Hið sama gildir

um mælingu á efnahag aðila; skýrari mynd fæst af eignum og skuldum rekstraraðila með því að miða gerð reikningsskila við forsenduna um rekstrargrunn.

Af þessu má ráða að sá færslumáti að miða skráningu tekna og gjalda við greiðslugrunn er ekki í samræmi við góða reikningsskilavenju, nema sérregla gildi í því efni fyrir tiltekin fyrirtæki. Hitt er svo annað mál að þegar mjög mikil óvissa ríkir um innheimtu krafna eða greiðslu skuldbindinga getur verið eðlilegt að víkja forsendunni um rekstrargrunn til hliðar í afmörkuðum tilvikum. Hafi sá háttur verið á hafður, þyrfti þó undantekningarlaust að gefa sérstaka skýringu á því efni í reikningsskilunum.

3.3. Stöðugleiki gjaldmiðils.

Gerð reikningsskila byggist á forsendu um stöðugt verðgildi þess gjaldmiðils sem miðað er við.

Þessi forsenda er nauðsynleg til að unnt sé að leggja saman og draga frá fjárhæðir við gerð reikningsskila. Í þessu felst t.d. að fjárhæðir í peningum, sem látnar voru af hendi við kaup á varanlegum rekstrarfjármunum fyrir fimm árum, eru lagðar saman við fjárhæðir sem látnar voru af hendi í ár. Þessi samlagning er í raun ekki eðlileg við verðbólguaðstæður. Þó er almennt litið svo á að forsendan um stöðugt verðlag valdi ekki miklum skaða ef verðbólgan er lítil, en það fer að vísu að einhverju leyti eftir eðli rekstrar fyrirtækja.

Ef forsendan þykir ekki eiga við er unnt að taka tillit til verðrýrnunar gjaldmiðils og sé það gert verður það að koma skýrt fram í reikningsskilunum. Eðlilegast þykir að sama regla gildi í þessu efni fyrir alla aðila í sama hagkerfi. Hér á landi hefur forsendunni um stöðugt verðlag verið hafnað við gerð reikningsskila frá því lög nr. 40/1978 (síðar lög nr. 75/1981) um tekju- og eignarskatt tóku gildi 1. janúar 1979. Í 6. kafla þessarar greinargerðar verður frekari umræða um áhrif almennra og sértækra verðlagsbreytinga á mælingar á afkomu og efnahag fyrirtækja.

3.4. Tímaafmörkun reikningsskila.

Unnt er að skipta starfsferli fyrirtækis niður í tímabil. Oftast er miðað við eitt ár í senn en einnig má miða við lengri eða skemmri tíma.

Ljóst er að það gefur áreiðanlegasta niðurstöðu um heildarafkomu fyrirtækis að miða mælinguna við lok starfsferils þess. Gallinn við þann útreikning er að hann er yfirleitt ekki áhugaverður. Fjárfestar, lánardrottnar og aðrir notendur reikningsskila hafa þörf fyrir upplýsingar um rekstur og önnur fjárhagsleg málefni fyrirtækja meðan starfsemin varir; af þeim sökum eru reikningsskil samin. Á starfsferli fyrirtækis eru reikningsskil samin fyrir tiltekin tímabil.

Nauðsynlegt er að lesandi reikningsskila geri sér grein fyrir því að sú mynd sem dregin er upp af afkomu og efnahag aðila á einstökum tímabilum á starfstíma hans getur verið mjög frábrugðin þeirri niðurstöðu sem fæst með því að líta til lengri tíma. Vitað er að rekstur aðila getur verið mjög háður sveiflum, bæði innan eins rekstrarárs og á milli rekstrarára. Erfitt getur verið að bregðast skynsamlega við slíkum sveiflum við gerð reikningsskila, og af þeim sökum getur þurft að viðhafa sérstaka aðgát við túlkun á niðurstöðum tíðra mælinga á afkomu og efnahag. Lög og venjur um reikningsskil gera þó ráð fyrir að gagnlegt geti verið fyrir fjármagnseigendur og aðra að fá reglulega upplýsingar um fjárhagsleg málefni fyrirtækja. Þegar svo háttar til að sveiflur eru þekktar í rekstri fyrirtækja er nauðsynlegt að skýra frá áhrifum þeirra, eftir því sem tilefni er til.

3.5. Skilgreining rekstrareiningar.

Reikningsskil taka til tiltekinnar rekstrareiningar. Í því felst að viðskipti sem ekki varða rekstrareininguna eiga ekki erindi í reikningsskil hennar.

Yfirleitt er hin skilgreinda rekstrareining sjálfstæð lögpersóna, svo sem hlutafélag,

sameignarfélag eða einstaklingur með rekstur. Það er þó ekki skilyrði, því að hin hagræna eining getur tekið til fleiri en einnar lögpersónu, svo sem þegar samstæðureikningsskil eru samin, en þau geta tekið til margra hlutafélaga í senn. Á sama hátt geta verið margar einingar innan eins fyrirtækis, svo sem útibú eða deildir.

Samstæðureikningsskil ber samkvæmt ákvæðum laga og góðri reikningsskilavenju að semja þegar svo háttar til að eitt félag á meirihluta í öðru félagi. Slík reikningsskil geta raunar einnig tekið til annarra félagaforma en hlutafélaga, svo sem samvinnufélaga. Samstæðureikningsskil fella saman reikningsskil þeirra félaga sem til samstæðunnar teljast og er þá innbyrðis viðskiptum eytt, sem og inneignum og skuldum á milli aðila innan samstæðunnar.

Lesandi reikningsskila gerir kröfu til þess að reikningsskilin taki aðeins til þeirrar einingar sem heiti þeirra segir til um. Það væri til að mynda brot á þessari forsendu að færa viðskipti, er sérstaklega varða eigendur hlutafélags, í bækur þess. Og á sama hátt væri forsendan brostin ef persónuleg útgjöld einstaklings væru færð sem kostnaður í reikningsskilum hans sem rekstraraðila.

4. Meginreglur reikningsskila.

Reikningsskil rekstraraðila byggjast á nokkrum grundvallarreglum. Þessar grundvallarreglur um færslu viðskipta eru þær fjórar sem fyrst verður fjallað um hér á eftir, en einnig verða í þennan flokk felldar aðrar mikilvægar reglur um gerð reikningsskila.

4.1. Kostnaðarverðsregla.

Skrá ber eignir við upphaflegu kaupverði og skuldir við því viðskiptaverði sem gilti þegar til þeirra var stofnað.

Aðalástæðan fyrir því að þessi regla er notuð við skráningu eigna og skulda er sú að kostnaðarverðið (eða viðskiptaverðið) þykir mjög áreiðanlegt; það er hlutlægt og byggir á sannreynanlegum gögnum. Annað verð sem gæti um margt verið gagnlegra, svo sem markaðsverð, er yfirleitt þeim annmarka háð að það þykir vera of huglægt og af þeim sökum er það ekki viðurkennt sem góð reikningsskilavenja nema í undantekningartilvikum. Ýmis álitamál geta verið um ákvörðun kostnaðarverðs eigna og kemur þar margt til. Meginreglan um skráningu eigna er, eins og áður sagði, að miða við upphaflegt kostnaðarverð. Í því felst að á eign skal færa allan kostnað sem til fellur til þess að koma henni í tekjuaflandi ástand. Samkvæmt þessu skal skrá eign við fjárhæð þess handbæra fjár, eða ígildis þess, sem látið var af hendi til þess að öðlast eignarrétt yfir hinni keyptu eign.

Hið sama gildir um skráningu skulda; upphaflegt viðskiptaverð ræður skráningu þeirra og er við það verð miðað meðan skuldir eru enn ógreiddar. Hér er átt við þau kjör sem upphaflega var um samið. Séu skuldir tengdar gjaldmiðli eða vísitölu taka þær að sjálfsögðu breytingum í samræmi við breytingar á viðkomandi gjaldmiðli eða vísitölu. Á þessu sviði hafa einnig mótast venjur og samkvæmt þeim getur verið heimilt að víkja frá meginreglunni, en því efni verða ekki gerð frekari skil hér.

4.2. Tekjuregla.

Tekjur eru að jafnaði skráðar þegar viðskiptaaðili hefur til þeirra unnið og í meginatriðum lokið við þau verkefni sem honum voru ætluð. Tekjur verða að vera innleystar eða innleysanlegar þegar þær eru skráðar, en í því felst að þá hefur vara eða þjónusta verið látin af hendi í skiptum fyrir peninga eða ígildi þeirra, þ.e. viðskiptakrafa hefur orðið til.

Af ofangreindri lýsingu má ráða að það sé aðalreglan að færa tekjur við sölu vara frá einum aðila til annars. Sala telst almennt hafa farið fram þegar seljandi hefur afhent vöruna

til kaupanda, t.d. í lausafjárkaupum, og þá flyst yfirleitt eignarrétturinn að hinu selda frá seljanda til kaupanda. Ef afhending er háð skilmálum í sölusamningum ráða þeir því hvenær salan er bókuð og samkvæmt því er það samkomulagsatriði milli seljanda og kaupanda hvenær er formlega rétt að bóka sölu og þar með viðskiptakröfu. Einnig má af lýsingunni ráða, að í reikningshaldslegu tilliti verða tekjur ekki til þó að eignir hækki í verði við geymslu; viðskipti við þriðja aðila, eða ígildi þeirra, eru skilyrði fyrir færslu tekna.

En þó að það sé aðalreglan að skrá tekjur við sölu þá geta aðrir kostir einnig komið til greina í tekjuferlinum. Þeir eru þó undantekningar og eiga yfirleitt aðeins við í tilteknum atvinnugreinum vegna séraðstæðna þeirra. Þessir kostir eru eftirfarandi: a) meðan á framleiðslu stendur, b) við lok framleiðslu og c) við innheimtu kröfu.

4.3. Jöfnunarregla.

Við mælingar á afkomu skal kappkosta að jafna gjöld á móti tekjum sem skráðar eru samkvæmt tekjureglunni.

Yfirleitt er orsakasamband milli tekna og gjalda skýrt, eins og t.d. á milli vörusölu og kostnaðarverðs seldra vara. Samjöfnun gjalda á móti tekjum er í þessu tilviki auðveld. Í öðrum tilvikum getur verið mikil óvissa um samband milli gjalda og tekna. Með hliðsjón af því þykir eðlilegt að færa kostnað til gjalda með skipulegum og samræmdum hætti. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna eru dæmi um þennan kostnað. Þessir fjármunir eiga vissulega þátt í tekjuöflun, en hvernig og á hversu löngum tíma þeir rýrna við tekjuöflun er óljóst. Afskriftir skal í samræmi við góða reikningsskilavenju miða við áætlaðan notkunartíma eða endingartíma viðkomandi eigna. Í enn öðrum tilvikum þykir vera svo mikil óvissa um þátt útgjalda í tekjuöflun að nauðsynlegt sé í varúðarskyni að færa þau til gjalda strax.

4.4. Regla um fullnægjandi upplýsingar.

Semjandi reikningsskila skal miðla þeim upplýsingum sem geta haft áhrif á ákvarðanir lesenda reikningsskila.

Reglan tekur ekki aðeins til töluyfirlitanna í reikningsskilum fyrirtækja, heldur á hún einnig við um skýringar sem eru óaðskiljanlegur hluti þeirra. Reglan er samkvæmt þessu til frekari skýringar á því efni sem ber að upplýsa um í reikningsskilum samkvæmt ákvæðum laga og góðrar reikningsskilavenju. Líta má svo á að með þessari reglu sé sleginn varnagli við öðrum reglum um gerð reikningsskila, þ.e. að svo miklu leyti sem þeim tekst ekki að miðla nauðsynlegum upplýsingum til lesenda reikningsskila, skal úr því bætt á grundvelli þessarar almennu reglu.

4.5. Samkvæmnisregla.

Fyrirtækjum ber að beita sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Ljóst er að reikningsskil, sem samin eru á grundvelli þessarar reglu, eru gagnlegri fyrir lesendur en þau sem sífellt eru breytingum háð. Regluna má þó ekki túlka þannig að hún girði fyrir breytingar á reikningsskilaaðferðum. Gildar ástæður geta verið, og raunar verða að vera, til þess að breytt sé um reikningsskilaaðferð. Sé breytt um aðferð við gerð reikningsskila, ber að upplýsa lesendur þeirra um rökin fyrir breytingunni og áhrif hennar á meginefni reikningsskilanna.

4.6. Regla um að efni máls gildi fremur en form þess.

Við gerð reikningsskila skiptir meira máli að upplýsa lesendur um efni máls, þó að form þess kunni að vera annað.

Á grundvelli þessarar reglu þykir vera eðlilegt að skrá eignir í bækur þó að eignarréttur þeirra hvíli samkvæmt ákvæðum laga hjá öðrum aðila. Kaupleigu- og fjármögnunarleigu-

samningar eru til dæmis um þetta. Á grundvelli sömu reglu þykir eðlilegt að færa ábyrgðarskuldbindingar ef líklegt þykir að á þær muni reyna, jafnvel þótt enginn geri kröfu um greiðslu vegna þeirra á reikningsskiladegi. Þessi regla er sett til að tryggja betur en ella að lesandi reikningsskila fái gagnlegar og áreiðanlegar upplýsingar um málefni fyrirtækja. Það hefur ekki þótt nægilega vel tryggt að svo sé með því einu að leggja lagalegt form til grundvallar skráningu viðskipta.

4.7. Mikilvægisregla.

Upplýsingar í ársreikningi eru mikilvægar ef þær hafa áhrif á þá ákvörðun sem lesendur reikningsskila kunna að taka.

Samkvæmt þessari reglu er ekki þörf á að upplýsa lesendur um atriði sem lítil eða engin áhrif hafa. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að það er afstætt hvað telst mikilvægt og hvað ekki. Það sem er mikilvægt hjá litlu fyrirtæki gæti litlu eða engu máli skipt hjá stóru fyrirtæki. Í sumum tilvikum má einnig nota þessa reglu til að víkja meginreglunum hér að framan til hliðar í hagræðingarskyni, ef líta má svo á að það hafi lítil eða engin áhrif.

4.8. Varkárnisregla.

Standi semjandi reikningsskila frammi fyrir tveimur eða fleiri kostum vegna óvissu, þykir rétt að velja þann kost sem er líklegastur til að ofmeta ekki eignir og hreinar tekjur.

Í reglunni felst ekki að semjandi eigi að velja þann kost sem leiðir til þess að eignir og tekjur séu vanmetnar; það væri misbeiting reglunnar. Vísvitandi vanmat eigna og ofmat skulda, sem leiðir til dulins eigin fjár, er ekki í samræmi við góða reikningsskilavenju. Reglan er til að auðvelda semjanda reikningsskila að taka ákvörðun um reikningshaldslegt vandamál, þegar hann stendur frammi fyrir óvissu um framvindu mála. Af reglunni má ráða að lesandi reikningsskila eigi að geta gert ráð fyrir að afkoma rekstraraðila sé ekki verri en rekstrarreikningur sýnir, og á sama hátt að eigið fé hans sé ekki lægra en birtist í efnahagsreikningi.

5. Meginhugtök reikningsskila.

Í reikningsskilum fyrirtækja er að finna margvíslegan fróðleik um málefni þeirra og hafa töluyfirlitin ólíkan tilgang. Rekstrarreikningi er ætlað að skýra frá afkomu fyrirtækis og hvernig hún hefur orðið til. Í efnahagsreikningi er að finna upplýsingar um fjárhagslegan styrkleika fyrirtækja og hvernig fjármuna- og fjármagnsuppbygging þeirra er. Þá er í sjóðeða fjármagnsstreymi að finna gagnlegar upplýsingar til þess að meta greiðsluhæfi fyrirtækja, þ.e. getu þeirra til þess að standa við greiðsluskuldbindingar sínar. Mörkin á milli þessara yfirlita að þessu leyti eru þó ekki eins skýr og hér virðist gefið í skyn, því að öll yfirlitin koma að gagni við að meta afkomu, efnahag og greiðslustöðu.

Í reikningsskilum koma fyrir hugtök sem gagnlegt er að skilgreina til þess að lesendur þeirra megi skilja meginefni þeirra betur en ella. Hér á eftir fara skilgreiningar á grundvallarhugtökum reikningsskila, sem notuð eru við mat á fjárhagsstöðu og rekstrarárangri fyrirtækja.

5.1. Fjárhagsstaða.

Í efnahagsreikningi birtast hugtök sem nauðsynlegt er að kunna nokkur skil á til að meta fjárhagsstöðu fyrirtækja. Þau eru þessi:

Eignir

Eignir eru verðmæti sem fyrirtæki ræður yfir og hafa orðið til á grundvelli viðskipta eða atburða sem átt hafa sér stað. Í þessum verðmætum felst hæfi til að afla fyrirtækinu tekna í framtíðinni.

Í þessari skilgreiningu felst að eignir verða aðallega til á grundvelli viðskipta sem fram hafa farið við utanaðkomandi aðila. Verðmæti sem til verða á grundvelli framtíðarviðskipta má samkvæmt þessu ekki færa til eignar. Einnig geta eignir verið skráðar á grundvelli atburða sem átt hafa sér stað, þó að það sé undantekning fremur en regla. Hér má t.d. nefna að heimilt getur verið að hækka skráð verð eigna við tilteknar aðstæður.

Það er ekki nauðsynlegt, þó því sé yfirleitt þannig varið, að eignarréttur þurfi að hvíla hjá fyrirtæki til þess að eign sé skráð í bókum þess. Hér má til að mynda benda á fjármögnunarleigusamninga. Í slíkum samningum er ótvírætt að eignarréttur hvílir hjá leigusala en samt getur verið eðlilegt að skrá hina leigðu fjármuni hjá leigutaka, ef vissum skilyrðum er fullnægt. Hér er virt reglan um að efni máls skipti meiru í reikningshaldi en form þess.

Öllum eignum er það sameiginlegt að í þeim verður að felast hæfi til að afla tekna. Í reikningshaldslegum skilningi eru því birgðir, sem ekki er unnt að selja, ekki eign, þó að þær séu til sem slíkar. Þær bæri því að færa til gjalda. Hér gildir einu í hvaða flokk eignir falla, en þeim er unnt að skipa saman á ýmsa lund, allar verða þær að geta skilað tekjum, beint eða óbeint. Ein slík flokkun eigna gæti verið þessi: peningaverðseignir, efnislegar eignir og óefnislegar eignir. Í fyrsta flokkinn falla eignir eins og handbært fé og viðskiptakröfur, og af þessum eignum má hafa vaxtatekjur. Í annan flokkinn falla eignir eins og byggingar og vélar. Þessar eignir eru nýttar við tekjuöflun fyrirtækis. Loks eru viðskiptavild og einkaleyfi dæmi um eignir sem ekki eru efnislegar en geta átt þýðingarmikinn þátt í tekjuöflun fyrirtækis. Viðskiptavild má samkvæmt ofangreindri skilgreiningu á eignum ekki færa nema hún sé keypt. Viðskiptavild sem kann að vera til staðar í fyrirtæki, án þess að hafa verið keypt, má samkvæmt því ekki færa til eignar.

Skuldir

Skuldir eru kvaðir á fyrirtæki til að láta af hendi eignir eða veita þjónustu í framtíðinni vegna viðskipta eða atburða sem átt hafa sér stað. Skuld skal aðeins skrá ef líklegt þykir að til greiðslu hennar komi.

Megineinkenni skulda er að fyrirtæki sem skuldar verður að greiða þá skuld með því að láta af hendi eignir eða veita þjónustu í framtíðinni. Það er ekki nauðsynlegt að vita nákvæmlega hverjum er skuldað, því að möguleiki er að til skuldar hafi verið stofnað án þess að vitað sé hverjum á að greiða. Hér er enn beitt reglunni um að efni máls skipti meira máli en form þess. Dæmi um þetta fyrirbrigði væru ábyrgðarskuldbindingar sem stofnað er til með því að ábyrgjast seldar vörur eða þjónustu í tiltekinn tíma eftir að sala fór fram. Sú ábyrgð getur falið í sér kostnað og þar af leiðandi skuld. Hér væri byggt á reynslu um greiðslu ábyrgða og skuld færð til samræmis. Ekki þarf að vera ljóst hvaða kaupendur vara eða þjónustu munu kalla eftir fyrirgreiðslu síðar á grundvelli ábyrgðarskilmála.

Annað dæmi um þetta fyrirbrigði væru lífeyrisskuldbindingar. Þær eru yfirleitt reiknaðar af tryggingastærðfræðingum á grundvelli lífslíka og annarra forsendna, en ekki þarf að vera ljóst við hvern nákvæmlega skuldin er, eða hversu mikið þarf að greiða þeim aðila.

Af skilgreiningunni á skuldum má ráða að ekki má færa til skuldar yfirlýsingar framkvæmdastjórnar um að eitthvað eigi að gera, t.d. að reisa verksmiðju eða ráðast í viðhald á eignum. Skuld verður að grundvallast á viðskiptum eða atburðum sem átt hafa sér stað, en ekki á áætlunum um framkvæmdir. Ljóst er að nokkrum erfiðleikum er bundið að fara eftir þessari reglu, einkum að því er varðar atburði sem leitt geta af sér skuldbindingar. Til að mynda gætu mistök seljanda þjónustu eða gallar á vörum leitt til skuldbindingar síðar vegna málaferla. Áður en slík skuld er færð verður að vera líklegt að til greiðslu hennar komi og unnt að áætla hana af sæmilegri nákvæmni. Ef óvissa er of mikil

um það hvort til greiðslu á skuld kemur, færi betur á því að geta um viðkomandi skuldbindingu í skýringum, en þess er þá aðeins þörf sé um verulegar fjárhæðir að tefla.

Eigið fé - hrein eign

Eigið fé er sú fjárhæð sem eftir verður þegar skuldir hafa verið dregnar frá eignum.

Þó að eigið fé sé skilgreint sem afgangsstærð má sundurgreina það á einstaka liði í efnahagsreikningi og þannig ber raunar að sýna það í samræmi við góða reikningsskilavenju. Aðallega er unnt að skipta eigin fé í tvo liði. Annar er framlög eigenda, þ.e. hlutafé eða stofnfé, en hinn er óráðstafaður tekjuafgangur eða ójafnað tap. Auk þessara liða geta birst meðal eigin fjár ýmsir reikningar, svo sem óskattlagt eigið fé, endurmatsreikningur og reikningar sem myndaðir eru með lögbundnum eða frjálsum framlögum af tekjuafgangi. Hér á eftir verður nánar fjallað um framlög eigenda, útgreiðslur til eigenda og samsafnaða afkomu, hvort sem henni hefur verið ráðstafað eða ekki. En fyrst skal lítillega rætt um liðina óskattlagt eigið fé og endurmatsreikning sem fyrir geta komið meðal eiginfjárliða.

Samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga[3)] skal sérgreina í efnahagsreikningi óskattlagt eigið fé. Eins og heiti liðarins gefur til kynna hefur þetta eigið fé myndast án þess að skattlagning hafi farið fram. Af því er ljóst að kvöð hvílir á þessu eigin fé, sem í raun þýðir að liðurinn er hvort tveggja í senn, áætluð skuld vegna skatta og tekjuafgangur. Sá háttur að skipta þessu óskattlagða eigin fé í tvo hluta er í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Við vissar aðstæður getur verið eðlilegt að heimila endurmat á varanlegum rekstrarfjármunum fyrirtækja. Slíkt endurmat hefur stundum verið heimilað við tilteknar aðstæður, en í öðrum tilvikum getur árlegt endurmat komið til greina. Hvort tveggja hefur átt við um gerð íslenskra reikningsskila. Þegar svo háttar til að endurmat er framkvæmt er með því mælt að sérgreina endurmatsreikning meðal eigin fjár. Það er gert í því skyni að gera greinarmun á eigin fé sem myndast hefur með framlögum eigenda eða afkomu, og með endurmati eigna. Mikilvægt er að endurmatsreikningur sé vel skilgreindur þannig að ekki fari á milli mála hvernig hann er myndaður. Hér skiptir máli hvort um stakt endurmat er að ræða eða árlegt endurmat, þar sem gengið er út frá þeirri forsendu að mælieiningin sé óstöðug og því verði að hafna forsendunni um stöðugt verðlag við gerð reikningsskila. Í fyrra tilvikinu væri miðað við hefðbundnar reikningsskilavenjur, þ.e. kostnaðarverðs- og tekjureglu. Þá væri ljóst að endurmatið mætti ekki flytja á óráðstafaðan tekjuafgang, enda væri óeðlilegt að greiða arð af slíku eigin fé. Í síðara tilvikinu er nauðsynlegt að færa á milli eiginfjárreikninga til þess að tryggja að óráðstafað eigið fé taki til óúthlutaðrar afkomu eða ójafnaðs taps á verðlagi í lok þess tímabils sem reikningsskilin taka til.

Framlög eigenda geta, auk hlutafjár eða stofnfjár, sem yfirleitt er skráð við áritaðri fjárhæð, þ.e. nafnverði, tekið til yfirverðs á hlutafé við innborganir eigenda. Ástæða er til þess að sérgreina slík framlög undir sérstökum lið. Samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga skal þó færa slíkt yfirverð á lögbundinn varasjóð, sem að auki getur tekið við ráðstöfunum á tekjuafgangi samkvæmt fyrirmælum þeirra laga. Vel færi á því að sýna sérstaklega, þegar svo stendur á, hvernig sá reikningur hefur myndast í heild, svo að greinarmunur sé gerður á þessum tveimur eðlisólíku framlögum.

Ef framlög eigenda eru innt af hendi með reiðufé er ljóst hversu mikils virði þau eru fyrir fyrirtæki. Séu framlögin innt af hendi á annan hátt, t.d. með afhendingu á öðrum

[3)] Lög nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

eignum, svo sem fasteignum eða lausafé og/eða með yfirtöku skulda, þá er nauðsynlegt að mat sé lagt á þau verðmæti sem félagið fékk svo að jafnræði sé með eigendum að þessu leyti.

Útgreiðslur til eigenda geta verið með tvennum hætti og er nauðsynlegt að gerður sé skýr greinarmunur þar á. Önnur útgreiðslan er endurgreiðsla á framlögum sem gengu til aukningar á eigin fé og um þá greiðslu gilda sérstakar reglur, t.d. þegar um lækkun hlutafjár samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga er að ræða. Hin útgreiðslan er ráðstöfun á hluta af afrakstri félags til eigenda. Um þá greiðslu gilda einnig sérstakar reglur samkvæmt ákvæðum laga. Gera þarf skýran greinarmun á þessu tvennu við gerð reikningsskila, þó að nokkrum erfiðleikum geti að vísu verið bundið í sumum tilvikum að greina þar á milli.

Óráðstafað eigið fé eða ójafnað tap segir til um hvernig fyrirtæki hefur ávaxtað framlög eigenda við tiltekið tímamark, þegar frá eru talin áhrif arðgreiðslna. Þýðingarmikið er að lesendur reikningsskila geti túlkað óráðstafað eigið fé eða ójafnað tap eftir orðanna hljóðan, þ.e. að staða á þessum reikningum segi annað hvort til um fjárhæð þeirrar afkomu sem ekki hefur verið ráðstafað til eigenda eða um þá fjárhæð sem á vantar til þess að standa undir taprekstri. Samkvæmt þessu er nauðsynlegt að færslur á umrædda reikninga takmarkist við rekstrarafkomu og arðgreiðslur með þeim undantekningum sem greinir hér á eftir.

Nú kann að vera að skylt sé samkvæmt lögum að ráðstafa tekjuafgangi á sérstaka eiginfjárreikninga í því skyni að verja fyrirtæki fyrir áfalli síðar. Lögbundinn varasjóður getur að hluta til verið myndaður á þennan hátt. Þá er heimilt samkvæmt ákvæðum skattalaga[4)] að mynda óskattlagt eigið fé, eins og áður var minnst á. Það er gert með ráðstöfunum á reikninginn óráðstafað eigið fé. Loks geta eigendur fyrirtækja einnig gert ráðstafanir til þess að halda fé inni án þess að það komi til álita við ákvörðun um arðgreiðslur og væru slík framlög frjáls. Gagnlegt getur verið fyrir lesendur reikningsskila að reikningar sem þessir séu aðgreindir meðal eiginfjár og fram komi í reikningsskilunum hvernig þeir hafa verið myndaðir.

5.2. Rekstrarárangur.

Í rekstrarreikningi birtast hugtök sem nauðsynlegt er að kunna nokkur skil á til að meta rekstrarárangur fyrirtækja. Í því sambandi er mikilvægt að lesandi reikningsskila viti hvaða reglur gilda um mælingu þeirra grundvallarhugtaka, þ.e. tekna og gjalda, sem notuð eru við mat á rekstrarárangri. Rétt þykir að taka fram, án þess að gera því frekari skil, að frammistöðu aðila er unnt að mæla á annan hátt en með gerð rekstrarreiknings. Þau meginhugtök sem lesendur reikningsskila sjá í rekstrarreikningi eru þessi:

Tekjur

Aukning eigna og/eða lækkun skulda á tilteknu tímabili vegna afhendingar á vörum og þjónustu eða vegna annarra verkefna í meginstarfsemi fyrirtækis.

Þessi skilgreining tekur aðeins til tekna af núverandi meginstarfsemi eða áframhaldandi starfsemi fyrirtækis. Sá tekjuliður sem aðallega er verið að fjalla hér um er að sjálfsögðu sala á vörum eða þjónustu, en að auki öll önnur viðskipti sem leiða til eignaaukningar eða lækkunar á skuldum, svo sem vaxtatekjur, umboðslaun o. fl. Miklu varðar að framsetning reikningsskila sé með þeim hætti að áhrif af meginstarfsemi rekstraraðila komi skýrt fram. Því þykir mikilvægt að sérgreina í rekstrarreikningi óvenjulegar tekjur sem ekki varða áframhaldandi starfsemi og eru tilfallandi. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að semjandi reikningsskila hafi í huga að reikningsskil eru fyrst og fremst samin í því augnamiði að

[4)] Lög nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum.

veita fróðleik um fortíð sem nýta má til að meta framtíðarhorfur, en ekki aðeins af sögulegum áhuga.

Gjöld

Eignaskerðing eða aukning skulda á tilteknu tímabili vegna afhendingar á vörum og þjónustu eða vegna annarra verkefna sem varða meginstarfsemi fyrirtækis.

Eins og sjá má af þessari skilgreiningu er hún nánast samhljóða skilgreiningunni á tekjum, en með öfugum formerkjum. Nánar tiltekið eru gjöld þau verðmæti sem fyrirtæki fórnar eða lætur af hendi við það að búa til tekjur, sbr. skilgreiningu þeirra hér að framan. Gjöldin varða meginstarfsemi fyrirtækis eða áframhaldandi starfsemi og þau leiða af sér tekjur með beinum eða óbeinum hætti og er það megineinkenni þeirra. Kostnaðarverð vara sem fyrirtæki selur eru gjöld í þessum skilningi. Það eru einnig laun starfsfólks og kostnaður vegna varanlegra rekstrarfjármuna, þ.m.t. afskriftir, sem notaðir eru við tekjuöflun. Hið sama gildir um skatta af reglulegum rekstri. Hins vegar væri umtalsverður kostnaður vegna skaðabótagreiðslna ekki gjöld í þessu sambandi, nema þær séu reglulegur og viðvarandi liður í rekstri fyrirtækis.

Mismunur tekna og gjalda af meginstarfsemi fyrirtækis segir til um árangur af reglulegum, áframhaldandi rekstri. Mjög þýðingarmikið er fyrir lesendur reikningsskila að sjá árangur af reglulegum rekstri fyrirtækis. Hann gefur vísbendingu um afkomu á næstu tímabilum, að svo miklu leyti sem forsendur rekstrarins kunna þá að eiga við. Af þessum sökum er mikilvægt að óvenjuleg eða óregluleg gjöld eða tekjur séu sérgreind í rekstrarreikningi.

Óreglulegar tekjur

Tekjur sem ekki varða venjulegan rekstur og ekki er gert ráð fyrir að endurtaki sig í bráð eða lengd. Einungis verulegar fjárhæðir eru sérgreindar, aðrar óreglulegar tekjur eru felldar inn í venjulegan rekstur.

Í þessari skilgreiningu felast tvenns konar skilyrði, en þau taka aðeins til mikilvægra fjárhæða, og verður að uppfylla bæði skilyrðin. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að óreglulegar tekjur megi ekki vera hluti af venjulegum, áframhaldandi rekstri. Ljóst er að með því að flokka slíkar tekjur með venjulegum rekstrartekjum virðist rekstur hafa gengið betur en raun er á. Í þessu sambandi dugar ekki að tekjurnar séu óvenjulega háar, heldur verður tilefni þess að þær falla til að vera óvenjulegt. Í annan stað verða tekjur þessar að vera þess eðlis að þær endurtaki sig ekki í bráð eða lengd. Það þýðir að líkur til þess að þær falli til á næsta tímabili eða tímabilum eru óverulegar. Af þessu má ráða að söluhagnaður af eignum getur ýmist talist til óreglulegra tekna eða ekki. Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna, sem stöðugt er verið að endurnýja, telst ekki til óreglulegra tekna. Hins vegar væri söluhagnaður af fasteign sem endurnýjuð er eftir áratuga notkun óreglulegar tekjur í þessum skilningi.

Óregluleg gjöld

Gjöld sem ekki varða venjulegan rekstur og ekki er gert ráð fyrir að endurtaki sig í bráð eða lengd. Einungis verulegar fjárhæðir eru sérgreindar, önnur óregluleg gjöld eru felld inn í venjulegan rekstur.

Eins og á við um óreglulegar tekjur þurfa gjöld að uppfylla tvö skilyrði til þess að falla í flokk óreglulegra gjalda. Annars vegar þurfa þau að vera óvenjuleg í eðli sínu og hins vegar þurfa líkur að vera óverulegar á því að þau endurtaki sig í bráð eða lengd. Hér gildir einnig að fjárhæð gjaldanna ein og sér dugar ekki til þess að gjöld teljist óregluleg. Óvenjulega háar afskriftir viðskiptakrafna geta af þessum sökum ekki talist til óreglulegra gjalda, þar sem ekkert er óvenjulegt í sjálfu sér við slíkan lið. Hins vegar væri tjón vegna vatnsflóða, þar sem ekki er von á þeim, óreglulegur gjaldaliður.

Heildarafkoma

Heildarafkoma er sú fjárhæð sem óráðstafað eigið fé (eða ójafnað tap) breytist um á tilteknu tímabili, þegar frá eru taldar breytingar á þeim eiginfjárlið sem ekki stafa af rekstri.

Þetta hugtak felur bæði í sér tekjur og gjöld af reglulegum rekstri og óreglulegar tekjur og gjöld. Það gæti einnig eftir atvikum tekið til leiðréttinga á eigin fé sem færðar hafa verið beint á óráðstafað eigið fé (ójafnað tap) og varða rekstur á fyrri árum. Undanþegnar eru í þessu sambandi breytingar á óráðstöfuðu eigin fé, sem ekki stafa af rekstri, svo sem arðgreiðslur og aðrar ráðstafanir á eigin fé.

5.3. Fjárstreymi.

Við mat á fjárhagslegri stöðu fyrirtækis getur einnig verið nauðsynlegt að fá upplýsingar um breytingar á þeirri stöðu. Yfirlit sem skýra frá slíkum breytingum geta því verið mjög gagnleg. Í þessum yfirlitum er lögð áhersla á að skýra framlag rekstrar eða hversu mikið fé rann til hans. Framlag rekstrar skýrir frá mismun tekna og gjalda, þegar frá eru taldar þær tekjur og þau gjöld sem ekki skila fjármagni eða kalla á ráðstöfun fjár. Dæmi um slíka liði eru söluhagnaður eigna og afskriftir fastafjármuna. Að auki skýra yfirlitin frá fjárfestingum í langtímaeignum og fjármögnun þeirra, hvort sem hún stafar af lánsfé eða eigin aflafé. Slík yfirlit eru mjög gagnleg við að meta hæfi fyrirtækja til að standa við greiðsluskuldbindingar.

Tvenns konar fjárstreymisyfirlit eru aðallega samin til þess að upplýsa um breytingar á fjárhagslegri stöðu fyrirtækja. Annars vegar er yfirlit sem skýrir frá breytingum á hreinu veltufé, svokallað fjármagnsstreymi, og hins vegar yfirlit sem skýrir frá breytingum á handbæru fé en það nefnt sjóðstreymi. Hreint veltufé er mismunur veltufjármuna og skammtímaskulda. Veltufjármunir eru eignir sem fyrirtæki hefur til ráðstöfunar til greiðslu útgjalda eða skulda sem gjaldfalla innan eins árs, þ.e. skammtímaskulda. Bæði yfirlitin geta verið mjög gagnleg en algengast er þó orðið að sjóðstreymi fylgi reikningsskilum fyrirtækja.

6. Áhrif verðlagsbreytinga.

Við gerð reikningsskila, sem grundvallast á þeirri reglu að skrá eignir við upphaflegu kostnaðarverði, er sú forsenda gefin að verðlag sé stöðugt. Afkomuhugtak kostnaðarverðsreikningsskila grundvallast á nafnkrónuaukningu á eigin fé að frátöldum breytingum á eigin fé sem ekki varða rekstur. Reikningsskil miðast við þessa forsendu nema annað sé tekið fram.

Þegar svo háttar til að verulegar almennar og sértækar verðlagsbreytingar eiga sér stað getur verið nauðsynlegt að víkja þessari grundvallarreglu til hliðar. Sé það gert, er nauðsynlegt að gera skýra grein fyrir því hvernig afkomuhugtakið, sem notað er, er skilgreint. Það hugtak sem notað er í þessu sambandi verður að byggjast á þörfum lesenda reikningsskila. Þá er einnig mjög þýðingarmikið að samræmi sé í reglum um gerð reikningsskila að þessu leyti. Tvenns konar afkomuhugtök koma hér til greina.

Í fyrsta lagi er unnt að miða mælingar á afkomu við þá breytingu sem verður á kaupmætti eigin fjár. Ef hann hefur aukist miðað við almennar verðlagsbreytingar hefur viðkomandi rekstraraðili hagnast. Til samræmis hefur sá aðili tapað sem ekki hefur náð að viðhalda kaupmætti eigin fjárins á tilteknu tímabili miðað við almennar verðlagsbreytingar. Í þessu sambandi eru frátaldar breytingar á eigin fé sem stafa af framlögum frá eigendum eða til þeirra.

Í öðru lagi er unnt að miða mælingar á afkomu við þá starfsmáttaraukningu sem verður á eigin fé frá einum tíma til annars. Með starfsmætti er átt við hæfi fyrirtækis til að eiga og reka þær eignir sem það þarf á að halda í sínum rekstri. Yfirleitt er verulegum vandkvæðum bundið að nota þetta afkomuhugtak, þar sem starfsmátt eigna fyrirtækis er mjög erfitt að skilgreina.

Við þær aðstæður að almennar og sértækar verðlagsbreytingar eiga sér stað og ástæða þykir til þess að ýta til hliðar forsendunni um stöðugt verðlag, getur komið til greina að skrá eignir með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi er unnt að miða við upphaflegt kostnaðarverð, en þá eru eignir skráðar við framreiknuðu kostnaðarverði miðað við almennar verðlagsbreytingar frá kaupdegi til reikningsskiladags. Í öðru lagi eru unnt að miða skráningu eigna við endurkaupsverð. Í þriðja lagi kemur einnig til greina að miða skráningu eigna við væntu söluvirði, þ.e. því verði sem ætla má að fengist fyrir eignirnar við óþvingaðar aðstæður. Í fjórða lagi kemur til álita að miða skráninguna við núvirði af nettóinnstreymi peninga sem nýting eigna mun hafa í för með sér, og til samræmis miðaðist skráning skulda við núvirði framtíðarútgreiðslna sem líklega verða inntar af hendi. Í verðbólgu hefur umræðan aðallega snúist um fyrstu tvo kostina, enda þykja hinir vera mjög erfiðir í framkvæmd.

Sé forsendunni um stöðugt verðlag hafnað, leiðir það til þess að reikna verður út áhrif almennra verðlagsbreytinga á peningalegar eignir, svo sem handbært fé, viðskiptakröfur og skuldabréfaeign, og skuldir. Staða og samsetning þessara liða ræður því hvort fyrirtæki verða fyrir tjóni eða hreppa ávinning af völdum almennra verðlagsbreytinga. Nauðsynlegt er að skýra frá því í reikningsskilum sem leiðrétt hafa verið fyrir áhrifum almennra verðlagsbreytinga hvernig að útreikningi þessum var staðið.

Að lokum skal ítrekað að verðlagsbreytingar geta haft veruleg áhrif á gæði þeirra upplýsinga sem reikningsskil veita. Nauðsynlegt er því að taka afstöðu til þess hvort leiðrétta verði reikningsskil fyrir áhrifum verðlagsbreytinga. Ekki er rétt að hvert einstakt fyrirtæki taki sjálfstæða ákvörðun í þessu efni, heldur verða öll fyrirtæki í sama hagkerfi að hlíta sömu reglum að þessu leyti.

7. Lokaorð.

Það er von ráðsins að þessi greinargerð um grundvöll reikningsskila komi að góðu gagni. Hér hafa verið skilgreind helstu hugtök um reikningsskil og meginreglur þeirra útskýrðar. Gerð reikningsskila hér á landi, eins og í Evrópulöndum yfirleitt, byggist fyrst og fremst á fyrirmælum ýmissa laga, en þar hefur ekki verið að finna upplýsingar um hugtök og reglur nema að takmörkuðu leyti. Greinargerð þessi er samin til þess að ráða þar nokkra bót á.

Reykjavík, 30. maí 1994.

Stefán Svavarsson, Árni Ól. Lárusson, Heimir Haraldsson,

Sigurður Þórðarson, Snorri Olsen.